


## 2.7 AUKAVERKEFNI KASSI


### BOX BÚIÐ TIL MEÐ HJÁLP VEFSÍÐU

Best er að vera búinn með allavega fyrstu 3 laserverkefni áður en er farið í þetta verkefni.



#### HVAÐ ÞARF

- + INKSCAPE-FORRIT
- + LASERSKERA
- + 4MM VIÐUR EÐA  
3MM PLEXI



MYND AF TEIKNINGUNNI Í INKSCAPE

## Einföld leið til að gera kassa í laser skeranum

Best er að vera búinn með allavega fyrstu 3 laserverkefni áður en er farið í þetta verkefni

### OPNAÐU <https://www.makercase.com/>

Hér ferðu skref eftir skref eftir listanum af stillingum vinstra megin á skjánum

## VELDU BASIC BOX

### UNITS

Stilltu í millimetra.

Units

Inch  Millimeters

### WIDTH, HEIGHT OG DEPTH

Stilltu hæð, lengd og breidd sem þú vilt hafa á kassanum.

Width

mm

Height

mm

Depth

mm

### INSIDE OR OUTSIDE DIMENSIONS?

Næst velur þú hvort stærðin sem þú varst að setja inn sé plássíð inni í kassanum (inside) eða stærðin utan á kassanum (outside).

Are these inside or outside dimensions?

Inside  Outside

### MATERIAL THICKNESS

Gott er að hafa í huga þegar er verið að velja Material thickness að hjá okkur er plexiglerið 3 mm og krossviðurinn 4 mm þykkur, ef þú komst með þitt eigið efni stillir þú þykkina á því. Ef þykkinn sem þú ert með er ekki í valmöguleikunum ýtir þú á Custom thickness og lætur inn þykkina á glugganum sem opnast.

Material Thickness

### OPEN OR CLOSED BOX?

Hér getur þú valið hvort kassinn sé alveg lokaður (6 hliðar) eða opinn á einni hlið (5 hliðar)


Open or closed box?

Open  Closed

## EDGE JOINTS

Hér getur þú valið hvernig fletirnir límast saman, valmöguleikarnir eru:

- Flat, sléttir fletir sem eru límdir saman.
- Finger, litlir bútar sem þú þúsar saman.
- T-slot, sem myndar göt fyrir festingar.



Í þessu verkefni er valið Finger, þú þarft að velja hversu stórir bitarnir eru sem smella saman með því að draga bláa punktinn fyrir neðan Finger size (myndin breytist til að sýna þér hvernig stillingin lítur út)


## Download Box

Þegar allar stillingarnar eru tilbúnar getur þú valið

[Download Box Plans](#)

Þá kemur upp gluggi sem heitir Download box.

- þar velur þú Kerf and Corner Compensation.
- ýtir á Kerf.
- stillir í 0.18.



Þetta er til þess að boxið falli betur saman og sé stífara.

Þegar allar stillingar eru komnar er valið


[Download SVG](#)

## HÉÐAN Í FRÁ ER REST GERÐ Í INKSCAPE

### AÐ EYÐA STÖFUM

- Veldu stafina og ýttu á Delete

Hér getur þú bætt við einhverjum myndum eða skrauti í stað textans til að skreyta kassann þinn






### AÐ GERA SKURÐLÍNU

Skurðarlínur eiga alltaf að vera RAUÐAR og 0.020 mm.

1. Veldu kassann.
2. Farðu í **Object** og veldu Fill and Stroke
3. Taktu Fill af með því að smella á Fill og ýta á
4. Farðu í Stroke paint og veldu Flat color og stilltu rauðan í fullt (255).
5. Farðu í Stroke style og stilltu á 0.020 mm.

Kassinn gæti litið út fyrir að hafa horfið en ef þú þysjar inn sérðu að línurnar myndarinnar eru einungis mjög mjóar.



### AÐ VISTA VERKEFNIÐ

1. Farðu í **File** og veldu Save as.
2. Veldu nafn á verkefnið.
3. Í Save as type er valið .pdf
4. Ýttu á Save.
5. Þá opnast gluggi sem þú stillir svona:
6. Smelltu á OK.

